



Bæjarráð Reykjaneshajar

Tjarnargötu 12
230 Reykjaneshajar

Reykjaneshajar, 25. mars 2024
Mál nr. 2024030549

Efni: Strætó á hátíðum

Óskað er eftir að:

- Frítt verði í strætó fyrir börn og forráðamenn gegn framvísun Baunabréfs dagana 2.-12. maí 2024 á meðan á BAUN, barna- og ungmennahátíð stendur.
- Að ekið verði skv. helgaráætlun sunnudaginn 5. maí og sunnudaginn 12. maí til að jafna aðgengi allra íbúa að hátíðinni.

Rökstuðningur:

Á fundi stýrihóps BAUNar í síðustu viku var rætt um Strætó á BAUN. Markmiðið með BAUN er m.a. að draga fram það sem Reykjaneshajar hefur upp á að bjóða fyrir börn og fjölskyldur og höfum við með Baunabréfinu verið að leiða fjölskyldur um allan bæ og kynna menningarhúsin, ýmis leiksvæði sem standa íbúum til boða og fleira í þeim dúr. Öll dagskrá á BAUN er ókeypis fyrir fjölskyldur. Sú umræða spratt í stýrihópnum hvort það væri ekki ástæða til að hafa Strætó sem sérstakan dagskrárlið í Baunabréfinu í ár, að það að fara í strætó væri svokölluð þrautastöð/verkefni, þar sem það væri markmið í sjálfu sér að fara í strætó. Þá færu börn með forráðamönnum sínum í strætó og þar væri sérstakt þrautaspjald og börnin skrifa lausn við þrautinni í Baunabréfið sitt.

Markmiðið með verkefninu væri:

- Að hvetja fólk til notkunar á strætó – að nýta almenningssamgöngur
- Að stuðla að því að draga úr fordómum gagnvart strætó og notendum hans
- Að jafna aðgengi íbúa að verkefnum í Baunabréfinu - að allir íbúar geti komist á milli staða í dagskránni og þannig tekið virkan þátt í hátíðinni.

Til að þetta geti orðið að dagskrárlið í Baunabréfinu þarf að vera ókeypis aðgangur í Strætó. Spurningin er því sú hvort hægt væri að gefa út að fólk fengi ókeypis aðgang í Strætó á meðan BAUN stendur yfir (2.-12. maí) gegn framvísun Baunabréfsins. Sem sagt ef barn kemur eitt eða með forráðamönnum að þá fengju þau öll frítt í strætó þessa daga. Þarna yrðu mögulega til nýir notendur. Það er mjög líklegt að þeir sem noti strætó nú þegar eigi þegar strætókort þannig að þetta er spurningin um þann hóp sem notar ekki strætó að reyna að laða hann að með þessum hætti. Auk þess er þetta spurning hvort vilji sé til að bæta þessum tveimur sunnudögum við.

Guðlaug María Lewis
Menningarfulltrúi

Ráðhús Reykjaneshajar

Tjarnargata 12
230 Reykjaneshajar

Sími: 421 6700
reykjaneshajar@reykjaneshajar.is
S
www.reykjaneshajar.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni